

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016, Dalbæjarland.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016, frá 7. október 1996.

Breytingin felst í því að svæði austan Stjörnusteina og norðan Tjarnarstígs, opið svæði til sérstakra nota, er stækkað á kostnað íbúðarsvæðis og lóð íbúðarhússins Nýborgar er skilgreind sem íbúðarsvæði. Á opna svæðinu er gert ráð fyrir húsdýragarði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 13. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.